

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag Víkurhverfis í Stykkishólmsbæ.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti á fundi 11. apríl 2018 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið þessarar deiliskipulagsbreytingar er að á suðvesturhluta deiliskipulagsins er lóðum og byggingarreitum breytt þar sem komið er fyrir par- og raðhúsum í stað einbýlishúsa. Götur breytast ekki en komið er fyrir hringtorgi við enda botnlangans. Um miðbik skipulagssvæðisins er heimilaður aukinn fjöldi íbúða á byggingarreitum en lóðir og götur eru óbreyttar. Fjölgun íbúða á svæðinu öllu getur að hámarki orðið 27 íbúðir. Nýtingarhlutfall lóða hækkar lítillega frá gildandi deiliskipulagi. Á þremur stöðum er lóðarmörkum breytt til að rýma betur fyrir göngustíg með ströndinni. Á uppdrætti stendur nú við hverja lóð hve margar íbúðir er heimilt að byggja á lóðinni.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 22. maí 2018.

Einar Júlíusson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. júní 2018